

Jónsmessunefnd

12. nóvember 2025

Mætt: Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hilda Hrund Cortez, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson (Teams) og Marta Guðrún Skúladóttir. Auk þess sátu fundinn Birna Íris Jónsdóttir frá Stafrænu Íslandi vegna 1. liðar, Saga Guðmundsdóttir vegna 2. liðar og Þórdís Sveinsdóttir vegna allra liða.

1. Samstarf ríkis og sveitarfélaga um stafræn mál

Þórdís Sveinsdóttir kynnti minnisblað með tillögum sveitarfélaga um forgangsaðgerðir hjá Stafrænu Íslandi varðandi næstu skref í samstarfi um stafrænu málin. Stafrænt Ísland tekur undir þessar forgangsröðun og er vinna hafin við allar þær aðgerðir. Rætt að Sambandið og FJR muni skoða fyrirkomulag samráðsnefndar um stafræna þróun hins opinbera, hvort endurnýja eigi umboð nefndarinnar og skilgreina ákveðin verkefni eða setja saman annan hóp sem hafi það hlutverk að ná betur utan um samstarf ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum.

Samþykkt að fulltrúar Sambandsins og Stafræns Íslands komi aftur inn á fund nefndarinnar þegar tillaga að kostnaðarskiptingu liggur fyrir, stefnt á fundinn sem boðaður hefur verið 11. febrúar nk.

2. Úrvinnsla eftir fund samstarfsráðs ríkis og sveitarfélaga

Farið yfir helstu þætti í lykilsamstarfsverkefnum ríkis og sveitarfélaga sem voru til umræðu á fundi samstarfsráðs og þeim komið í farveg.

- Fjármál sveitarfélaga, fjárfestingar í innviðum og leiðir til að bæta lánakjör sveitarfélaga
 - Fjárfestingar í innviðum: Samþykkt að setja saman hóp sem fjalli um þennan hluta. Sambandið hafi frumkvæði að samtali við FJR varðandi næstu skref í tengslum við mögulega endurgreiðslur á VSK eða aðrar útfærslur. Verður tekið til umræðu á fundi Jónsmessunefndar í febrúar.
 - Lánakjör sveitarfélaga: Samþykkt að setja saman hóp með fulltrúum FJR og Sambandsins sem skoði lánakjör sveitarfélaga og hvernig megi lækka þau. Sambandið fái kynningu frá FJR á breytingum í lánamálum ríkisins. Lánasjóður sveitarfélaga hafi aðkomu að samtalinu. Verður tekið til umræðu á fundi Jónsmessunefndar í janúar.
- Málefni fatlaðs fólks
 - Rætt að ríki og sveitarfélög komi sér saman um langtímaáætlun varðandi málaflokkinn. Fulltrúar félagsmálaráðuneytisins koma á fund Jónsmessunefndar í desember. Sambandið og FÉL undirbúi það samtal og komi á fund nefndarinnar með tillögum að næstu skrefum.
- Stafrænt samstarf sveitarfélaga
 - Rætt undir 1. lið.

3. Samkomulag um fjármögnun vegna endurskoðunar á regluverki um reikningsskil sveitarfélaga og endurhönnunar á upplýsingaveitu sveitarfélaga.

Undirritun samkomulags um fjármögnun vegna endurskoðunar á regluverki um reikningsskil sveitarfélaga og endurhönnunar á upplýsingaveitu sveitarfélaga. Umræða um fyrirkomulag, áætlaðan kostnað og kostnaðarskiptingu vegna reksturs á upplýsingaveitu sveitarfélaga og viðhaldi hennar.